

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Breyting á deiliskipulagi. Búrfellsvirkjun, lnr. 166701, ýmsar breytingar.

Um er að ræða breytingar víða um virkjanasvæðið sem varða meðal annars stærðir lóða og afmörkun vinnubúðasvæða, legu jarðstrengs, afmörkun og efnismagn náma og efnislosunarsvæða, legu vega innan svæðis, stærð byggingarreita, legu og gerð frárennisskurða o.fl. Einnig er afmörkuð lóð fyrir þjónustuhús (salerni) við Hjálparfoss.

Samþykkt í sveitarstjórn þann 1. ágúst 2017.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 24. ágúst 2017.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 14. september 2017